

### Fundargerð 103. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn miðvikudaginn 20. apríl 2016 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Gunnar S. Gunnarsson, Andrés Bjarnason, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Guðmundur Sigurvínsson, Þorsteinn Hjálmarsson og Sævar Örn Kristjánsson.

Í gengnum fjarfundabúnað: Jón Jóhannsson

Dagskrá :

1. Yfirferð og undirskrift ársreikninga VM
2. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 102
3. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
4. Aðalfundur VM 29. apríl
  - a. Kjörnefnd
  - b. Lagabreytingar
  - c. Endurskoðendur VM
  - d. Kynning á sögu vélstjórastéttar
5. Hátíðarfáni VM
6. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð Ásbjörn Björnsson endurskoðanda velkominn

#### 1. Yfirferð og undirskrift ársreikninga VM

Farið var yfir reikninga félagsins og endurskoðunarskýrsluna. Félagssjóður er með hagnaði en aðrir sjóðir með tapi.

Reikningurinn var borinn upp til samþykktar og var samþykktur einhliða,

#### 2. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 102

Fundargerð samþykkt og undirrituð

### 3. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Akksmálið tekið fyrir og flutt. Niðurstöðu er að vænta 4 vikum frá dómskvaðningu
- Ísal samþykkt, gengur illa að lenda málum.
- Þjóðfundurinn 7. maí aflýst.
- Fulltrúaráðsfundurinn illa sóttur, aðeins 5 mættu
- SFS ekki til viðræðna um sérkröfur. Fljótlega verður boðaður fundur í samninganefnd og ef við þurfum að boða verkfall í haust þá bara gerum við það. Stefnt er að kjararáðstefnu fyrir sjómenn í apríl eða maí 2017.
- Árskýrslan send út í fjölpósti í dag.
- Öll gögn vegan aðalfundar inn á heimasíðuna í dag.
- Þessi fundur er síðasti stjórnarfundur Gunnars og Sævars.

### 4. Aðalfundur VM 29. apríl

a. Kjörnefnd, tillaga lögð fram

b. Lagabreytingar. Þegar tillaga um lagabreytingu um skipan fulltrúaráðs var samþykkt á aðalfundi VM 2014. gleymdist að taka fulltrúaráðið út á tveimur stöðum ( 23. gr. og 27. gr.) og þarf það því að fara fyrir aðalfundinn núna.

Félagið fékk senda lagabreytingartillögu um kjör formanns. Laganefnd félagsins hefur farið eftir þessa tillögu og skilað álit. Þetta verður sett inn á heimasíðuna. Lögfræðingar félagsins verða á fundinum

c. Endurskoðendur VM – leggja fram á aðalfundi að Ernst & Young verði áfram.

d. Kynning á sögu vélstjórastéttar.

### 5. Hátíðarfáni VM

Formaður lagði fram tillögu að því að félagið léti gera hátíðarfána og þá vandaðan fána en ekki silkifána eins og við erum með núna. Kostnaður gæti orðið um 1,5 til 2 millj. kr. Þetta var samþykkt.

### 6. Önnur mál.

Spurt var hvort enginn sem fengi gullmerki félagsins eða yrði gerður að heiðursfélaga á aðalfundinum. Formaður sagðist hafa kallað eftir tillögum á einhverjum stjórnarfundum en ekki fengið nein viðbrögð og ekki nauðsynlegt að hengja gullmerki á menn á hverjum fundi.

Spurt hvaða skilyrði heiðursfélagi þyrfti að uppfylla. Formaður las upp reglur um heiðursféлага og gullmerkið.

Fundi slitið 14:30

